




ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Ræktun á heitsjávarrækju með jarðvarma á Hjalteyri við Eyjafjörð
Markmið	Ræktun á verðmætri afurð, heitsjávarrækju, á Verkefnið er sérstaklega aðlaðandi í ljósi samstarfs við landeigendur og aðgang að jarðvarma og hreinum sjó. Eldið mun nýta aðstöðu á Hjalteyri sem ekki hefur verið nýtt og skapa heilsárstörf fyrir bæði kyn og með margskonar menntun.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Hjalteyri við Eyjafjörð bíður uppá einstakar aðstæður til eldis á heitsjávarrækju við Ísland. Við Hjalteyri hefur Norðurorka fundið heitavatnslind sem gefur 180 sek/l af um 80 gráðu heitu vatni. Ásamt jarðvarma er stutt í hreinan djúpsjó og á staðnum er ónotað húsnæði í gamalli síldaverksmiðju sem hentar mjög fyrir starfsemi sem þessa – hér eru því allir grunnþættir fyrir eldisstarfsemi til staðar. Að verkefninu koma sérfræðingar hjá Rorum ehf. á sviði eldis og endurnýtingarkerfum sem því sem notað verður. Hér er um að ræða bæði innlenda og erlenda sérfræðinga sem hafa langa reynslu af endurnýtingarkerfum og eldi á lagardýrum. Heitsjávarrækjur eru ennfremur hentugar því að þær lifa ekki við íslenskar aðstæður og því er engin hættu á að þær geti lifað og tímgast nema í því kerfi sem sett verður upp á Hjalteyri.</p> <p>Markaðs aðstæður fyrir heitsjávarrækju eru góðar. Verð á ferskri heitstjávarrækju er í kringum 25\$/lb vestan hafs og í kringum 40€ til 50€/kg í Evrópu, miðast verðið við ferska afurð. Heitsjávarrækja er seld beint til veitingahúsa, almennings og markaðir fyrir rækju fara vaxandi í Evrópu. Í verkefninu fellst nýting á náttúruauðlindum Eyjafjarðar til framleiðslu á verðmætri vöru. Heitsjávarrækjur getur verið staðkvæmdarvara fyrir hinn íslenska leturhumar sem hefur átt undir högg að sækja undanfarið með minnkandi kvóta.</p> <p>Í verkefninu fellst að hanna og kostnaðargreina uppsetningu á verksmiðju, á grundvelli þeirrar vinnu verður samin rekstraráætlun um verkefnið og arðsemi þess. Við mat á arðsemi verkefnis er horft til þess að í verkefninu fellst þekkingarflutningur á sviði landeldis sem mun auka eldisþekkingu á Eyjafjarðarsvæðinu, sérstaklega með tilliti til notkunar á jarðvarma í lokuðum eldiskerfum.</p>
Framkvæmdaaðili	Hjalteyri ehf. kt. 701211-1540
Samstarfsaðilar	RORUM ehf. kt. 701014-0810
Tengsl við sóknaráætlun	Frekari nýting á orkuauðlindum Eyjafjarðar og uppbygging á sjálfbæru atvinnutækifæri.

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	  
Árangursmælikvarðar	Hönnun eldiskerfis miðað aðstæður á staðnum séu fullnægjandi. Verkefni uppfylli þær umhverfiskröfur sem gerðar verða til verkefnisins þ.m.t. Að stofnkostnaður, áætluð framleiðsla og tekjur af verkefni standist arðsemiskröfur af verkefni.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Framkvæmdar- og viðskiptaáætlun til kynningar fyrir fjárfesta. Viljayfirlýsing er þegar til staðar frá landeigendum og því er um einkar aðlaðandi verkefni að ræða.
Upphaf og lok verkefnis	Júní 2020 – Maí 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður 2020 kr. 2.640.458,- Heildarkostnaður 2021 kr. 4.854.208,-
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.000.000 kr.
Mótframlag (ef við á)	Vinnuframlag að kr. 4.004.000,-
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Engar eins og er.

Verkáætlun	2020						2021					
	jún.	júl.	ágú.	sep.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.	mar.	apr.	maí
1. Undirbúningur og kynning á verkefni												
2. Uppsetning eldisaðstöðu - og eldisbúnaðar												
3. Prufukeyrsla eldis												
4. Fullskala eldi á heitsjávarrækju												
5. Úrvinnsla gagna úr eldi og rekstrartölur										*		
6. Gerð viðskiptaáætlunar sem byggir á niðurstöðum verkefnis											*	
7. Kynning á niðurstöðum verkefnis og fjárfestakynningar												*

Kostn pr.klst	3500					
	Hjalteyri ehf.		RORUM		Samtals	
	klst	Upphæð	klst	Upphæð	klst	Upphæð
1. Undirbúningur og kynning á verkefni	40	140.000	64	224.000	104	364.000
2. Uppsetning eldisaðstöðu - og eldisbúnaðar	16	56.000	224	784.000	240	840.000
3. Prufukeyrsla eldis	30	105.000	176	616.000	206	721.000
4. Fullskala eldi á heitsjávarrækju	128	448.000	320	1.120.000	448	1.568.000
5. Úrvinnsla gagna úr eldi og rekstrartölur	216	756.000	288	1.008.000	504	1.764.000
6. Gerð viðskiptaáætlunar sem byggir á niðurstöðum verkefnis	216	756.000	130	455.000	346	1.211.000
7. Kynning á niðurstöðum verkefnis og fjárfestakynningar	80	280.000	360	1.260.000	440	1.540.000
	726	2.541.000	1.562	5.467.000	2.288	8.008.000

Skipting á ár og fjármögnun	2020		2021		Fjármögnun
	Tímar	Kostnaður	Tímar	Kostnaður	
1. Undirbúningur og kynning á verkefni	104	364.000	0	0	182.000
2. Uppsetning eldisaðstöðu - og eldisbúnaðar	240	840.000	0	0	420.000
3. Prufukeyrsla eldis	206	721.000	0	0	360.500
4. Fullskala eldi á heitsjávarrækju	75	261.333	373	1.306.667	784.000
5. Úrvinnsla gagna úr eldi og rekstrartölur	0	0	504	1.764.000	882.000
6. Gerð viðskiptaáætlunar sem byggir á niðurstöðum verkefnis	130	454.125	216	756.875	605.500
7. Kynning á niðurstöðum verkefnis og fjárfestakynningar			293	1.026.667	770.000
	754	2.640.458	1.387	4.854.208	4.004.000